

17. nóvember 2009

Stjórnvaldssekt vegna brots á 1. mgr. 100. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Þann 4. mars 2009 tók stjórn Fjármálaeftirlitsins ákvörðun um að sekta BBR ehf. vegna brots á 1. mgr. 100. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (vvl.).

Þann 8. desember 2008 náði félagið BBR ehf. yfirráðum í Exista hf. er félagið skráði sig fyrir 50 milljörðum nýrra hluta í Exista hf. Í kjölfarið fór BBR ehf. með 77,9% atkvæða og Bakkabraedur Holding B.V. fór með 10%, en félögin eru bæði í eigu Ágústss Guðmundssonar og Lýðs Guðmundssonar. Með þessu fóru félögin því samtals með 87,9% atkvæða í Exista hf.

BBR ehf. var við þetta tilboðsskilt, samkvæmt 1. mgr. 100. gr. vvl. og bar að gera öðrum hluthöfum Exista hf. yfirtökutilboð eigi síðar en fjórum vikum eftir að yfirráðum var náð. BBR ehf. bar því að leggja fram yfirtökutilboð eigi síðar en 5. janúar 2009. Samkvæmt auglýsingu um yfirtökutilboð til hluthafa í Exista hf. sem birt var í Fréttablaðinu þann 5. janúar 2009 og fyrstu drögum að tilboðsyfirliti var ljóst að yfirtökutilboð BBR ehf. átti ekki að taka gildi fyrr en 9. janúar 2009.

Það var mat Fjármálaeftirlitsins að háttsemi BBR ehf. hefði farið í bága við 1. mgr. 100. gr. vvl. þar sem að öðrum hluthöfum Exista hf. hefði ekki verið gert yfirtökutilboð innan lögbundins tímafrests og að málinu bæri að ljúka með stjórnvaldssekt. Við ákvörðun fjárhæðar stjórnvaldssektar var litið til alvarleika brots, tímalengdar og þeirrar fjárhæðar sem um var að ræða. Með hliðsjón af framangreindu þótti hæfilegt að gera BBR ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 5.000.000,-.